Nr. 275 17. mars 2016

# AUGLÝSING

**um breytingar á vátryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrygginga.**

1. gr.

Samkvæmt ákvæði 5. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, er ákveðið að vátryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækis skv. 4. mgr. 91. gr. sömu laga verði 3.184 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 446 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt ákvæði 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. ákvæði 5. mgr. 91. gr. sömu laga, er ákveðið að vátryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og vátryggingartaka skv. 1.-3. mgr. 92. gr. verði 239 millj. kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu vátryggingartaka skv. 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 424/2008, um lögmæltar ökutækjatryggingar, er 419.000 kr. fyrir einstakling og 2.097.000 kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu skv. 3. málsl. 3. mgr. 4. gr. er 105.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breytingu á vátryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrygginga, nr. 320/2015.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 17. mars 2016.*

F. h. r.
**Guðrún Þorleifsdóttir.**

*Sóley Ragnarsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 5. apríl 2016